

Umsókn um reikningsviðskipti

Fyrirtæki

Einstaklingur

Nafn fyrirtækis/einstaklings

Kennitala

Heimilisfang

Staður

Póstnúmer

Netfang

Sími

Upplýsingar tengiliðs ef fyrirtæki:

Nafn

Kennitala

Netfang

Sími

Starfsheiti

Áætluð lánsviðskipti á mánuði kr.

Sending reikninga

Með rafrænni skeytamiðlun

Með tölvupósti á eftirfarandi netfang

Viðskiptaskilmálar

Umsókn þessi veitir Launafli ehf. heimild til að sækja upplýsingar um umsækjanda til Creditinfo í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, svo sem í tengslum við tilboðsgerð, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti enda hafi Launafli ehf. lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga. Þær upplýsingar sem kunna að verða sóttar samanber framangreint eru upplýsingar úr vanskilaskrá Creditinfo og lánsþæfismat, en lánsþæfismatið metur líkur á vanskilum tólf mánuði fram í tímann og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskila-skrá, hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Hluti upplýsinga frá Creditinfo byggir á samkeyrslu gagna og geta innihaldið sögulegar upplýsingar um þróun vanskila og áhættumats.

Mánaðarleg reikningsviðskipti hjá Launafli miðast við að viðkomandi fyrirtæki sé í áhættuflokki 1–6 samkvæmt áhættumati Creditinfo.

Launafli ehf. áskilur sér rétt til að synja nýjum aðila, eða nýju fyrirtæki núverandi viðskiptavinar, um reikningsviðskipti vegna m.a. fyrri vanskila, stöðu á vanskilaskrá, úrskurðar um gjaldþrot eða greiðsluhegðun teljist ekki ásættanleg.

Reikningstímabil er almanaksmánuður, gjalddagi reikninga er 5. dagur næsta mánaðar og eindagi 20. þess sama mánaðar nema um annað sé sérstaklega samið.

Reikningar eru sendir út rafrænt með skeytamiðlara eða með tölvupósti á uppgefið netfang. Við fjárhæð reiknings bætist umsýslu- og seðilgjald samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Verði reikningur ekki greiddur á gjalddaga ber hann dráttarvexti frá gjalddaga, skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Þá er Launafli heimilt að krefjast alls þess kostnaðar sem til fellur vegna innheimtu reiknings í vanskilum. Launafli er heimilt að loka fyrirvaralaust á frekari reikningsviðskipti ef vanskil verða.

Þá samþykkir undirritaður að Launafli sé heimilt að tilkynna vanskil til skráningar í vanskilaskrá Creditinfo þegar þau hafa varað lengur en í 40 daga. Þá samþykkir undirritaður að Launafli sé almennt heimilt án fyrirvara eða sérstakra útskýringa að afturkalla samþykki til reikningsviðskipta.

Sé viðskiptareikningur ekki notaður í 6 mánuði eða lengur samfleytt má búast við að reikningi verði lokað án fyrirvara eða frekari aðvarana, sé þörf á áframhaldandi reikningsviðskiptum síðar skal fylla út nýja umsókn um reikningsviðskipti.

Með undirskrift sinni skuldbindur undirritaður ofangreint fyrirtæki eða sjálfan sig, ef um einstakling er að ræða, samkvæmt ofangreindum skilmálum. Jafnframt staðfestir undirritaður það með undirskrift sinni að veittar upplýsingar skv. ofangreindu eru réttar og, sé um fyrirtæki að ræða, að hann hafi fullnægjandi umboð til að sækja um reikningsviðskiptin

Ef um einstakling er að ræða veitir undirritaður umsækjandi Launafli ehf. heimild til að sækja upplýsingar um lánsþæfismat mitt til Creditinfo og samþykki og heimila að upplýsingarnar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvarðanatöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti, enda hafi Launafli ehf. lögvarða hagsmuni af umræddra upplýsinga skv. 9. gr. laga nr. 90/2018. Undirritaður er upplýstur um að hann getur afturkallað samþykki þetta og skal slík afturköllun send Launafli ehf. með sannanlegum hætti. Afturköllun samþykkis getur leitt til þess að viðskiptareikningi viðkomandi verði lokað. Fram að þeim tíma að samþykki er afturkallað eða viðskiptum aðila lýkur er samþykki þetta í gildi

Dagsetning

Undirskrift _____

Fyllist út af starfsmanni Launafli ehf.

Lánsþæfi Vanskil Vanskilasaga

Umsókn samþykkt

Umsókn hafnað

Athugasemdir

Nafn starfsmanns